

Prólaktín rannsókn

Prolactine test

Prólaktín rannsókn er gerð með blóðsýni þar sem metið er hvort styrkur prólaktíns í blóði hafi hækkað.

Prólaktín er hormón sem myndast í heiladingli. Helsta hlutverk þess er að örva þroskun brjóstá og myndun mjólkur hjá mæðrum. Hækkað prólaktín í blóði hjá öðrum en barnshafandi konum og mjólkandi mæðrum getur bent til annars konar heilsutengdra vandamála, til dæmis góðkynja æxlis í heiladingli (prólaktínóma) sem getur haft áhrif á frjósemi, kynhvöt, tíðahring kvenna, mjólkurmyndun og valdið stinningarvanda.

Ýmis lyf geta aukið styrk prólaktíns í blóði og valdið falskri hækkun, til dæmis sum getnaðarvarnalyf, blóðþrýstingslyf og þunglyndislyf.

Styrkur prólaktíns í blóði breytist yfir sólarhringinn. Hann er mestur á nóttinni í svefni og fyrst eftir fótaferð að morgni. Líkamleg áreynsla og streita hafa einnig áhrif til hækkunar.

Forföll

Forföll eða veikindi á rannsóknardag þarf að tilkynna á göngudeild innkirtla sem fyrst í síma 543 1000.

Undirbúningur

Rannsóknin þarf að fara fram í ró og næði. Gagnlegt gæti verið að hafa með sér heyrnatól og hlusta á róandi tónlist.

- Ekki taka morgunlyf fyrr en rannsókn er yfirstaðin.
- Það má borða fyrir rannsókn.
- Vakna tímanlega, helst þremur tímum fyrir bókaðan tíma á rannsóknardegi.

Rannsóknardagur

- Mæting á bókuðum tíma á göngudeild innkirtla, Eiríksgötu 5 í Reykjavík.
- Mæting er um klukkan 9:30, þremur klukkutímum eftir fótaferð, miðað við fótaferð klukkan 07:00.
- Gert er ráð fyrir að rannsóknin taki um það bil tvær og hálf klukkustund.

Framkvæmd rannsóknar

Við komu tekur hjúkrunarfræðingur á móti sjúklingi og býður sæti í hægindastól. Lagður er æðaleggur í olnbogabót svo ekki þurfi að stinga fyrir hverju blóðsýni. Þrjú blóðsýni eru tekin reglulega á meðan rannsókn stendur yfir.

Endurkomutími

Fyrir útskrift er bókaður endurkomutími eða gefinn símatími hjá lækni til að fá upplýsingar um niðurstöður úr rannsókninni.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir rannsóknina og blóðsýni. Verðskrá er birt á [landspitali.is](#) með fyrirvara um breytingar á gjaldskrá.

Þetta fræðsluefni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðsluefnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
MIÐSTÖÐ SJÚKLINGAFRÆÐSLU
JANÚAR 2025
FRÆ-1161

ÁBYRGÐARMENN:
DEILDARSTJÓRI OG YFIRLÆKNIR
GÖNGUDEILDAR INNKIRTLA

HÖNNUN:
GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR
LANDSPÍTALA